

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. maí 1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 9. maí 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga nr. 387 27. desember 1973, með síðari breytingum.

A-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald kr. 3 100.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald kr. 6 800.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 16. maí 1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 9. maí 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja nr. 185 26. apríl 1979, með síðari breytingum.

II. KAFLI

3. gr. 1. málsgrein orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 537.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

4. gr. 2. málsgrein orðist þannig:

Skal notkunargjaldið þá vera 11.55 kr./KW-st. miðað við hitafall 40°C.

6. gr. orðist þannig:

Fjarhitun leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

- | | |
|--|--------------|
| a. fyrir mæla allt að ¾“ | kr. 3 540.00 |
| b. fyrir mæla allt að 2” | — 7 080.00 |
| c. fyrir mæla allt að 3” | — 14 160.00 |
| d. fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald. | |

III. KAFLI

8. gr. orðist þannig:

Fyrir öll hús, sem tengd eru fjarhituninni, skal greiða heimæðagjald heimæðagjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál) m ³	Heimæðargjald
Allt að 400	kr. 596 000
400 að 2 000	— 596 000 fyrir 400m ³ + 475 kr/m ³ þar yfir.
2 000 að 6 000	— 1 356 000 fyrir 2 000 m ³ + 406 kr/m ³ þar yfir.
6 000 að 10 000	— 2 980 000 fyrir 6 000 m ³ + 358 kr/m ³ þar yfir.
meira en 10 000	— 4 412 000 fyrir 10 000 m ³ + 310 kr/m ³ þar yfir.

Heimæðagjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr. orðist þannig:

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

- | | |
|---------------------------------|---------------|
| a. fyrir mæli allt að ¾” | kr. 87 500.00 |
| b. fyrir mæli allt að 1½” | — 175 000.00 |
| c. fyrir mæli allt að 3” | — 350 000.00 |

10. gr. orðist þannig:

Gjöld samkvæmt gjaldskrá eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. apríl 1980, 435 stig.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. maí 1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 9. maí 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 390,
6. nóvember 1976, með síðari breytingum.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli kr. 11 000.— fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.